

131. löggjafarþing 2004-2005.
Þskj. 961 – 631.mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um flutning launaútreikninga og launabókhalds heilbrigðisstofnana frá landsbyggðinni.

Frá Kristjáni L. Möller.

Munnlegt svar.

1. *Er áætlað að flytja launaútreikninga og launabókhald sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva frá landsbyggðinni í miðlægt kerfi?*

Launakerfi ríkisins og BÁR bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins voru orðin gömul kerfi, launakerfið að stofni til frá árinu 1976 og BÁR kerfið frá árinu 1986. Þrátt fyrir að bæði kerfin hafi reynst traust og áreiðanleg hafa þau ekki fylgt örrí tækniþróun. Í þessu kerfi vantar ýmsa kerfishluta, sem nú þykir nauðsynlegt og sjálfsagt að slíkt kerfi bjóði upp á og má þar nefna kerfi eins og starfsmannakerfi, verkbókhald og birgðakerfi. Í ljósi þessa og þarfar ríkissjóðs fyrir samstæðuupplýsingar til að hafa heildaryfirsýn yfir ríkisreksturinn var tekin ákvörðun um endurnýjun launa- og fjárhagskerfa ríkisins.

Innleiðing nýrra fjárhags- og mannauðskerfa fyrir ríkisstofnanir stendur yfir. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur sú ákvörðun verið tekin að allar stofnanir ríkisins fari í hið nýja mannauðskerfi, en þess ber að geta að fyrir eru í gamla launakerfinu allar stofnanir ríkisins, að frátöldum hluta heilbrigðisstofnana þ.e.a.s. Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, St. Jósefsspítala Hafnarfirði og heilbrigðisstofnunum úti á landi eða þar sem sjúkrahús og heilsugæsla eru rekin saman í einni stofnun. Sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar um land allt, Landspítali – háskólasjúkrahús og aðrar ríkisstofnanir tilheyrandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eru fyrir í miðlægu launakerfi ríkisins.

Innleiðing hins nýja mannauðskerfis hefur ekki í för með sér flutning verkefna frá stofnunum, enda fer öll skráning og úrvinnsla fram í stofnununum sjálfum. Hvað mannauðskerfið varðar fer öll launavinnsla og allt launabókhald eftir sem áður fara fram í hverri stofnun fyrir sig. Sú breyting verður hins vegar með innleiðingu nýja mannauðskerfisins að prentun launaseðla og útsending launaseðla fer nú fram miðlægt, þ.e.a.s. í Reykjavík, fyrir allar ríkisstofnanir. Það verður því breyting á hvað varðar útprentun og útsendingu launaseðla hjá starfsfólks Fjórðungs-sjúkrahússins á Akureyri, St. Jósefsspítala Hafnarfirði og heilbrigðisstofnuna úti á landi eða þar sem sjúkrahús og heilsugæsla eru rekin saman í einni stofnun. Útprentun og útsending launaseðla alls annars starfsfólks ríkisins hefur fram til þessa verið miðlæg og verður það áfram. Gildir það t.a.m. um starfsfólk skóla, sýslumannsembætta og stofnana fatlaðra.

Þess ber að geta að engin breyting verður á framlögum stofnana vegna innleiðingar þessara nýju fjárhags- og mannauðskerfa.

2. *Eru hugmyndir um að flytja önnur verkefni frá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar til Reykjavíkur?*

Með vísan til fyrra svars fylgir enginn tilflutningur verkefna innleiðingu nýrra fjárhags- og mannauðskerfa. Þá eru ekki áform um flutning verkefna frá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni til Reykjavíkur.

(Talað orð gildir)